

## 1806224 – Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2018-2022 – Svar við fyrirspurn

*Vegna yfirlýsinga bæjarstjóra í Morgunblaðinu laugardaginn 11. ágúst sl. óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar skýringa á ummælum bæjarstjóra þar sem hún segir það tilviljun að þetta mál væri tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 8. ágúst sl. þegar til hans var einmitt boðað sérstaklega vegna málsins.*

Svar: Tilviljun réð því að málið kom upp í sumarfrí ráða og nefnda bæjarins og að boða þurfti til aukafundar með skömmum fyrirvara á þeim tíma.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

*Fyrirspurn: Í ljósi þess hversu skyndilega boðað var til fundar bæjarráðs hinn 8. ágúst sl. með minnsta löglega fyrirvara á grundvelli þess að flýta þyrfti málinu óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir gögnum sem varpað geta ljósi á hina óvæntu framvindu í málinu sem kallaði á slíka flýtimeðferð að ekki mátti bíða þess að ná bæjarstjórn saman. Óskað er eftir að gögn liggja fyrir eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar*

Svar: Fulltrúar meirihlutans mátu aðstæður þannig í sumar að mikilvægt væri ýta málinu úr vör til að verklok við uppbyggingu knattspyrnuaðstöðunnar tefðust ekki meira en orðið var og mikilvægt væri að framleiðsla á burðarvirki hússins hæfist hið fyrsta.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri og Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs